

**Fundargerð 22. fundar  
bæjarráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,  
30. apríl 2019 , kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

**Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir**, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

**1. Ársreikningur 2018 - 1903077**

Drög að ársreikningi 2018.

*Afgreiðsla:*

*Drög að ársreikningi til umræðu. Samþykkt að vísa ársreikningi til fyrri umræðu í bjarstjórn*

**2. Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar - 1901025**

Viðauki 5, Tónlistarskólinn Sandgerði.

*Afgreiðsla:*

*Viðauki samþykktur og vísað til bjarstjórnar til staðfestingar.*

**3. Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun - 1807035**

Á 10. fundi Framkvæmda-og skipulagsráðs var fjallað um drög að samkeppnislýsingu ásamt uppfærðri tímalínu. Framkvæmda-og skipulagsráð samþykkti fyrirbyggjandi drög og vísar þeim til lokayfirferðar hjá dómnefnd. Jafnframt lagði ráðið til að bæjarráð/bjarstjórn skipi dómnefnd í samræmi við fyrirbyggjandi gögn.

*Afgreiðsla:*

*Bæjarráð samþykkir drög að samkeppnislýsingu með ábendingum sem fram hafa komið. Samþykkt að fulltrúar bjarstjórnar í dómnefnd verði Einar Jón Pálsson, formaður dómnefndar, Fríða Stefánsdóttir og Pálmi Steinar Guðmundsson. Fagaðilar í dómnefnd eru Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur, Anna María Bogadóttir, arkitekt og menningarfræðingur og Páll Jakob Línadal, doktor í umhverfissálfræði og skipulagsráðgjafi. Þannig verði fulltrúum í dómnefnd fjölgað úr fimm aðilum í sex.*

**4. Póstnúmer Suðurnesjabæjar - 1904023**

Minnisblað frá sviðsstjóra stjórnsýslusviðs.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að leitað verði eftir því að pósthúmer sem tilheyra Sandgerði og Garði annars vegar og atvinnusvæði í Suðurnesjabæ við Keflavíkurlugvöll hins vegar verði undir nafni Suðurnesjabæjar.*

**5. Þróun lands í nágrenni Keflavíkurflugvallar - 1806379**

Drög að viljayfirlýsingu.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram og bærstjóra falið að vinna áfram að málinu.*

**6. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpa staða á sameiningarhugmyndum - 1806442**

Mat á fýsileika sameiningar Kólku og Sorpu, Sperora apríl 2019.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram og bærstjóra falið að vinna að kynningarfundum um skýrsluna.*

**7. Aðalfundur Kólku sorpeyðingarstöðvar - fundarboð - 1904070**

Aðalfundur Kólku sorpeyðingarstöðvar sf 9. maí 2019.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

**8. Gerðaskóli - húsnæðismál - 1809079**

Minnisblað frá stýrihópi um húsnæðismál Gerðaskóla.

*Afgreiðsla:*

*Minnisblað lagt fram og samþykkt að stýrihópurinn vinni málið áfram.*

**9. Vinnuskólinn 2019 - 1902089**

Minnisblað frá frístunda- og forvarnafulltrúa um laun í vinnuskóla Suðurnesjabæjar.

*Afgreiðsla:*

*Framlögð launatafla fyrir vinnuskóla 2019 samþykkt.*

**10. Vínbúð í Suðurnesjabæ - 1903013**

Erindi frá ÁTVR dags. 04.03.2019.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að leggja til við bærstjórn að samþykkja erindið.*

**11. Lög og reglugerðir til umsagnar - 1902075**

Drög að frumvarpi til laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

**12. Ósk um Leyfi fyrir Hjólreiðakeppni - 1904061**

Fyrir liggur erindi frá Þríþrautadeild UMFN, þar sem óskað er eftir leyfi sveitarfélagsins vegna árlegs hjólreiðamóts (Reykjanesmótið) þann 5. maí 2019. Jafnframt liggur fyrir staðfest leyfi bærstjóra.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

**13. Styrkir almennt - 2019 - 1901049**

Erindi frá Knattspyrnudeild Knattspyrnufélagsins Reyni.

*Afgreiðsla:*

*Meirihluti bæjarráðs, D-lista og J-lista, samþykkir að styrkja verkefnið til að ýta Vertíðarlokum úr vör. Fulltrúi H-lista situr hjá. Bæjarstjóra falið að gera samning við Knattspyrnudeild Knattspyrnufélagsins Reyni.*

**14. Heimsókn Halfdan Svartes Guttekor frá Noregi - 1904080**

Erindi frá Söngsveitinni Víkingum og Norræna félaginu í Suðurnesjabæ með ósk um móttöku vegna komu karlakórs frá vinabænum Jevnaker í Noregi.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að standa fyrir móttöku kórsins í samráði við Söngsveitina Víkingana og Norrænafélagið í Suðurnesjabæ. Bæjarstjóra og formanni bæjarráðs falið samstarf við aðila máls um útfærslu á móttöku.*

**15. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - Skagagarðurinn - 1810120**

Rökstuðningur fyrir synjun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða á styrk til Suðurnesjabæjar vegna Skagagarðsins.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

**16. Fjölbrautaskóli Suðurnesja - stækkun - 1904010**

Samningur um stækkun húsnæðis Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

*Afgreiðsla:*

*Bæjarráð staðfestir samninginn.*

Fundi slitið kl. 18:45.

22. fundur bæjarráðs  
03.05.2019

---

Ólafur Þór Ólafsson

---

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

---

Magnús Sigfús Magnússon

---

Daði Bergþórsson

---

Magnús Stefánsson

---

Bergný Jóna Sævarsdóttir

---

---